



ÚRSKURÐARNEFND
VELFERÐARMÁLA

ÁRSSKÝRSLA
2025

Úrskurðarnefnd velferðarmála

Katrínartúni 2

105 Reykjavík

Sími: 551-8200

postur@urvel.is

www.urvel.is

Umsjón og ritstjórn: Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir formaður

Umbrot og prentun: Prentmet Oddi

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Skipan úrskurðarnefndar velferðarmála.....	6
Málafjöldi	7
a) Fjöldi mála 2025	7
b) Fjöldi mála 2016–2025.....	8
Málaflokkar	10
a) Almannatryggingar.....	10
b) Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir	13
c) Barnavernd	14
d) Félagsþjónusta og húsnæðismál.....	15
e) Fæðingar- og foreldraorlof.....	17
f) Greiðsluaðlögun	18
Málsmeðferðartími.....	19
Ýmsar upplýsingar	21
a) Fjármál	21
b) Umboðsmaður Alþingis	22
c) Ýmsar tölfraðilegar upplýsingar	23
1. Afgreiðsla heildarfjölda mála.....	23
2. Niðurstaða úrskurða eftir stjórnvöldum	24

Ávarp formanns

Árið 2025 bárust úrskurðarnefnd velferðarmála 815 kærur. Frá því að nefndin tók til starfa árið 2016 hefur aldrei borist jafn mikill fjöldi kæra á einu ári. Fjölgunin kemur einkum fram í málaflokkum sem varða atvinnuleysistryggingar annars vegar og félagsþjónustu- og húsnæðismál hins vegar.

Árið 2024 bárust nefndinni samtals 198 kærur vegna atvinnuleysistrygginga, en árið 2025 voru þær 268. Kærum í málaflokknum fjölgaði því um 35% á milli ára. Kærur í félagsþjónustu- og húsnæðismálum voru samtals 54 árið 2024, en á árinu 2025 voru þær 105. Fjölgunin var því 94% milli ára. Engin einhlít skýring liggur fyrir á fjölgun kæra innan framangreindra málaflokka, heldur virðist hún ná þvert yfir þau málefni sem undir þá falla.

Úrskurðir nefndarinnar varða grunnþætti velferðarsamfélagsins og snúa meðal annars að rétti einstaklinga til framfærslu, svo sem örorkubóta, atvinnuleysistrygginga, félagslegrar aðstoðar og annarra lögbundinna réttinda. Niðurstaða nefndarinnar getur því haft veruleg áhrif á fjárhagslegt öryggi fyrir marga kærendur og möguleika þeirra til þátttöku í samfélaginu. Í þeim málum sem og öðrum er því mikilvægt að mál fái vandaða og faglega meðferð þar sem tryggt sé að kærandi hafi notið þeirra réttinda sem kveðið er á um í lögum og að niðurstaðan liggja fyrir innan lögbundinna tímamarka. Jafnframt gegnir nefndin mikilvægu hlutverki við að tryggja að einstaklingar geti fengið ákvarðanir lægra setts stjórnvalds endurskoðaðar af óháðu stjórnvaldi. Nefndin er þó ekki einungis vettvangur endurskoðunar ákvarðana heldur er nefndin vegna síns hlutverks mikilvæg þekkingarmiðstöð á sínu starfssviði, en þá þekkingu má nýta með fjölbreyttum hætti til að stuðla að eflingu réttaröryggis og stjórnsýslu.

Mikilvægt er að vinna markvisst að umbótum þegar kemur að meðferð mála hjá nefndinni. Í því fellst að leita leiða til að byggja upp kerfi sem stuðlar að skilvirkari málsmeðferð án þess að dregið sé úr gæðum eða þeim málefnalegu sjónarmiðum sem stjórnsýsluréttur krefst. Í því samhengi hefur nefndin skoðað möguleika sem felast í nýtingu gervigreindar, meðal annars við undirbúning og gerð draga að úrskurðum.

Með aðstoð gervigreindar verður unnt að flokka og greina gögn sem fylgja kærum og styðjast við fyrri úrlausnir í sambærilegum málum þegar unnin eru drög að úrskurðum. Nýting gervigreindar getur þannig stuðlað að aukinni skilvirkni og styttri málsmeðferðartíma. Mikilvægt er að öryggis- og persónuverndarsjónarmið séu ávallt höfð að leiðarljósi. Tillögur og greiningar gervigreindar verða því aldrei lagðar til grundvallar án sjálfstæðrar og gagnrýnninnar yfirferðar starfsmanna nefndarinnar.

Á árinu samþykkti ríkisstjórnin tillögu forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra um að koma á fót sérstöku nefndahúsi sem myndi hýsa stjórnsýslunefndir á vegum ríkisins. Úrskurðarnefnd velferðarmála hefur verið boðin þátttaka í nefndahúsi og unnið að verkefninu í samvinnu við framangreind ráðuneyti. Með verkefninu skapast tækifæri til hagræðingar í rekstri en einnig aukin samvinna og samþætting stjórnsýslunefnda. Í ferli sem þessu er nauðsynlegt að gleyma ekki mjög mikilvægum þætti verksins, það er að undirbúa starfsfólk undir þær breytingar sem framundan eru, huga þannig vel að mannauðnum, sem er mikill hjá nefndinni og það ber að þakka. Nefndahús býður uppá mörg tækifæri framfara og þróunar. Mikilvægt er að nýta þau tækifæri sem best svo verkefnið skili sem mestum ávinningi fyrir þær stjórnsýslunefndir sem þar koma til með að starfa sem og fyrir þá einstaklinga sem til þeirra leita eftir úrlausn mála sinna.



Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir formaður

Skipan úrskurðarnefndar velferðarmála

Úrskurðarnefndin er annars vegar skipuð fjórum nefndarmönnum sem skipaðir eru í fullt starf til fimm ára og hins vegar átta nefndarmönnum og jafnmörgum til vara til fjögurra ára í senn, sbr. 2. gr. laga nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála.

Nefndina skipa:

Skipaðir í fullt starf:

Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir formaður
Hólmfríður Birna Guðmundsdóttir lögfræðingur
Kári Gunndórsson lögfræðingur
Rakel Þorsteinsdóttir lögfræðingur

Aðrir nefndarmenn:

Agnar Bragi Bragason lögfræðingur
Arnar Kristinsson lögfræðingur
Björn Jóhannesson lögfræðingur
Eva Dís Pálmadóttir lögfræðingur
Guðfinna Eydal sálfræðingur
Kristinn Tómasson læknir
Unnþór Jónsson lögfræðingur
Þórhildur Líndal lögfræðingur

Varamenn:


Ari Karlsson lögfræðingur
Erla Guðrún Ingimundardóttir lögfræðingur
Guðmundur Ómar Hafsteinsson lögfræðingur
Guðríður Anna Kristjánsdóttir lögfræðingur og tannlæknir
Helgi Viborg sálfræðingur
Hrafnhildur Árnadóttir lögfræðingur
Jón Baldursson læknir
Margrét Gunnlaugsdóttir lögfræðingur

Málafjöldi

a) Fjöldi mála 2025

Á tíunda starfsári úrskurðarnefndar velferðarmála bárust nefndinni samtals 815 kærur sem skiptast á eftirfarandi hátt eftir málaflokkum:


Kærur – málaflokkar	Fjöldi mála
Almannatryggingar	387
Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir	268
Barnavernd	22
Félagsþjónusta og húsnæðismál	105
Fæðingar- og foreldraorlof	22
Greiðsluaðlögun	11
Óflokkað	0
Samtals:	815



b) Fjöldi mála 2016–2025

Í neðangreindri töflu og súluriti eru upplýsingar um skiptingu kæra milli málaflokka frá árinu 2016, þ.e. frá stofnun úrskurðarnefndarinnar fram til ársins 2025.

Kæurur - málaflokkar	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Almannatryggingar	327	319	334	385	375	363	381	369	356	387
Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir	37	59	39	71	171	196	128	129	198	268
Barnavernd	32	23	17	37	25	54	32	29	24	22
Félagsþjónusta og húsnæðismál	56	45	39	50	80	63	47	54	54	105
Fæðingar- og foreldraorlof	18	17	12	9	18	22	8	26	22	22
Greiðsluaðlögun	36	20	9	7	8	4	2	4	8	11
Óflokkað	0	4	4	0	2	1	0	0	0	0
Samtals:	506	487	454	559	679	703	598	611	662	815




Málaflokkar


Úrskurðarnefnd velferðarmála skal úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvæðana eftir því sem mælt er fyrir um í lögum sem kveða á um málskot til nefndarinnar, sbr. 1. gr. laga nr. 85/2015. Þeir málaflokkar sem úrskurðarnefndin hefur til meðferðar koma fram í eftirfarandi sex liðum, meðal annars upplýsingar um skiptingu mála eftir því hvert ágreiningsefnið er. Í þeim kökuritum þar sem verið er að fjalla um niðurstöðu úrskurða er einungis verið að fjalla um efnislega niðurstöðu þeirra en ekki mál sem hafa verið afturkölluð, framsend eða vísað frá.

a) Almannatryggingar


Nefndin úrskurðar í ágreiningsmálum er varða kærur vegna ákvæðana Sjúkratrygginga Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar, lögum nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu og lögum nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga svo og lögum nr. 74/2020 um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða. Einnig eru kæranlegar ákvæðanir Tryggingastofnunar ríkisins um réttindi foreldra langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna sem teknar eru á grundvelli laga nr. 22/2006 um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna. Þá eru kæranlegar ákvæðanir Sjúkratrygginga Íslands samkvæmt nýjum lögum nr. 47/2024 um sjúklingatryggingu sem tóku gildi 1. janúar 2025 og taka til tjonstilvika sem verða frá og með þeim tíma.




Almannatryggingar: Niðurstöður úrskurða*




Lög nr. 100/2007 um almannatryggingar*




Lög um félagslega aðstoð nr. 99/2007*




Lög nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu*




Lög um sjúkratryggingar nr. 112/2008



Lög um slysatryggingar
almannatrygginga
nr. 45/2015*



Lög nr. 22/2006 um greiðslur
til foreldra langveikra eða
alvarlega fatlaðra barna




* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til. Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnsýslulaga.

b) Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir

Samkvæmt lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar eru kæránlegartilúrskurðarnefndar velferðarmála ákvarðanir Vinnumálastofnunar um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laganna. Einnig eru kæránlegar ákvarðanir Vinnumálastofnunar sem teknar eru á grundvelli laga nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir. Auk þess eru kæránlegar ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga nr. 87/2023 um tímabundinn stuðning til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ.




Lög nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar




c) Barnavernd

Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 er heimilt að kæra margvíslega úrskurði og aðrar stjórnvaldsákvarðanir barnaverndarþjónustu, umdæmisráða barnaverndar og Barna- og fjölskyldustofu til úrskurðarnefndar velferðarmála.




d) Félagsþjónusta og húsnæðismál

Nefndin úrskurðar í ágreiningsmálum er varða ákvarðanir félagsmálanefnda á grundvelli laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ákvarðanir Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem teknar eru á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur og stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir eru kæranlegar til nefndarinnar sem og ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga nr. 44/1998 um húsnæðismál. Jafnframt er unnt að kæra til nefndarinnar ákvarðanir sveitarfélaga um þjónustu sem teknar eru á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.




Félagsþjónusta og húsnæðismál:
Niðurstöður mála*




*Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnsýslulaga.


Lög nr. 40/1991 um
félagsþjónustu*




Lög um húsnæðisbætur
nr. 75/2016




Lög nr. 44/1998 um
húsnæðismál



Lög nr. 38/2018 um þjónustu
við fatlað fólk með langvarandi
stuðningsþarfir




Lög nr. 94/2023 um sértækan
húsnæðisstuðning vegna
náttúruhamfara í Grindavíkurbæ




*Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnissýslulaga.

e) Fæðingar- og foreldraorlof

Samkvæmt lögum nr. 144/2020 um fæðingar- og foreldraorlof er unnt að kæra til nefndarinnar ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laganna. Einnig eru kæranlegar ákvarðanir Fæðingarorlofssjóðs sem teknar á grundvelli laga nr. 77/2022 um sorgarleyfi.




Fæðingar- og foreldraorlofsmál:
Niðurstöður mála



f) Greiðsluaðlögun


Samkvæmt lögum nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga eru tilteknar ákvarðanir umboðsmannsskuldara og umsjónarmannanna með greiðsluaðlögunarumleitunum kærnanlegar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Þá eru kærnanlegar til úrskurðarnefndar velferðarmála ákvarðanir umboðsmanns skuldara um synjun fjárhagsaðstoðar samkvæmt lögum nr. 9/2014 um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta.




Málsmeðferðartími

Eitt meginmarkmiða úrskurðarnefndar velferðarmála er að afgreiða kærur innan þeirra tímamarka sem fram koma í lögum nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála. Í 3. mgr. 7. gr. laganna segir að nefndin skuli kveða upp úrskurð svo fljótt sem kostur er og að jafnaði innan þriggja mánaða eftir að henni berst mál nema sérstakar ástæður hamli. Málsmeðferðartími telst frá þeim tíma er kæra berst nefndinni og þar til úrskurður er kveðinn upp.

Málsmeðferðartími allra málaflokka var eftirfarandi að meðaltali í mánuðum:




Í þessari töflu má sjá að 55% úrskurða árið 2025 var afgreiddur innan þriggja mánaða og alls 85% voru afgreiddir innan 4 mánaða. Aðeins voru því 15% úrskurða utan þess málsmeðferðartíma.



Málsmeðferðartími einstakra málaflokka var eftirfarandi að meðaltali í mánuðum:

Málsmeðferðartími 2016-2025 í mánuðum



Ýmsar upplýsingar

a) Fjármál

Í lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál er lögð sérstök áhersla á hugsun til lengri tíma, stöðugleika í fjármálum og betri reikningsskil. Þegar fjármál hins opinbera eru annars vegar er markmiðið ávallt að sérhver stofnun sé með gegnsætt bókhald og haldi sig innan þeirra fjárheimilda sem heimilaðar eru í upphafi.

Fjárveitingar til úrskurðarnefndar velferðarmála vegna ársins 2025 voru 227.400.000 krónur. Sértekjur og aðrar tekjur nefndarinnar voru alls 23.700.000 krónur. Alls voru því til ráðstöfunar á árinu 251.100.000 krónur. Rekstrarkostnaður úrskurðarnefndarinnar vegna ársins 2025 nam 234.775.638 krónum. Rekstrarafkoma var því 16.324.362 krónur.

b) Umboðsmaður Alþingis

Á árinu 2025 bárust 26 erindi frá umboðsmanni Alþingis vegna kvartana frá kærendum eftir að úrskurðarnefnd velferðarmála hafði úrskurðað í umræddum málum.

Meirihluti málanna vörðuðu almannatryggingar, eða samtals 17 mál. fimm mál atvinnuleysistryggingar, tvö mál félagsþjónustu, eitt mál fæðingarorlof svo og eitt mál greiðsluaðlögun.

Umboðsmaður lauk sjö af þessum málum á árinu 2025, þar af sex án frekari aðgerða. Í lok árs 2025 var 19 málum því ólokið. Á árinu 2025 lauk umboðsmaður Alþingis sjö málum sem bárust árið 2024. Fjórum lauk án aðgerða, þrjú vörðuðu almannatryggingar og eitt atvinnuleysistryggingar. Tveimur málum sem vörðuðu almannatryggingar og barnavernd lauk með því að úrskurðarnefndin tók málið upp aftur og einu máli varðandi atvinnuleysistryggingar lauk með ábendingu til nefndarinnar.

Mál sem bárust árið 2025

Almannatryggingar	17
Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir	5
Félagsþjónusta og húsnæðismál	2
Fæðingar- og foreldraorlof	1
Greiðsluaðlögun	1
Samtals	26

Málum lokið án aðgerða	6
Úrskurðarnefndin tók mál upp aftur	1

Mál sem bárust árið 2024 en voru afgreidd árið 2025


Almannatryggingar	4
Atvinnuleysis- og vinnumarkaðsaðgerðir	2
Barnavernd	1
Samtals	7

Málum lokið án aðgerða	4
Málum lokið með ábendingu	1
Úrskurðarnefndin tók mál upp aftur	2

c) Ýmsar tölfræðilegar upplýsingar

1. Afgreiðsla heildarfjölda mála*



Úrskurðarnefnd velferðarmála afgreiddi samtals 762 mál á árinu 2025 með eftirfarandi hætti. Þar undir eru mál sem bárust árið 2025 svo og mál sem borist höfðu fyrir þann tíma en voru ekki afgreidd fyrr en á árinu 2025.




* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til. Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnsýslulaga.

2. Niðurstaða úrskurða eftir stjórnvöldum


Eftirfarandi kökurit sýna niðurstöðu úrskurða árið 2025 eftir stjórnvaldi þegar úrskurðarnefndin hefur tekið afstöðu til ágreinings:



Umdæmisráð barnaverndar




Barnaverndarþjónustur




* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til. Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er í þessu tilfalli átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnsýslulaga.


Fæðingarorlofssjóður




Húsnæðis- og mannvirkjastofnun




Vinnumálastofnun



Umboðsmaður skuldara



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu



Sveitarfélög

